

Jafnframt eru úr gildi felldar breytingar á áðurnefndri reglugerð, samkvæmt 115
auglýsingu nr. 188 25. sept. 1945. 30. júní

Félagsmálaráðuneytið, 30. júní 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón S. Ólafsson.

REGLUGERÐ

116

1. júlí

um viðauka við reglugerð nr. 49 3. marz 1945, um skömmtun á erlendu smjöri.

1. gr.

Auk þeirrar skömmtunar á erlendu smjöri, sem áður hefur verið ákveðin, skal afhenda hverjum manni innkaupaheimild fyrir einu kílógrammi af smjöri fyrir mánuðina júlí, ágúst og september 1947, og gildir sú innkaupaheimild til 30. sept. n. k., og eiga við um hana allar sömu reglur og aðrar innkaupaheimildir, sem gefnar hafa verið út í þessu skyni.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 37 12. júní 1939, sbr. lög nr. 59 7. maí 1940.

Viðskiptamálaráðuneytið, 1. júlí 1947.

Emil Jónsson.

Jón Guðmundsson.

REGLUGERÐ

117

1. júlí

um héraðssundlaug í Laugaskarði í Hveragerði.

1. gr.

Eigendur héraðssundlaugarinnar í Laugaskarði í Hveragerði eru Hveragerðis-hreppur, Ölfushreppur og Ungmennafélag Ölfusinga.

2. gr.

Sundlaugin skal rekin sem fjárhagslega sjálfstætt fyrirtæki.

3. gr.

Fimm manna nefnd annast rekstur laugarinnar. Hreppsnefnd Ölfushrepps og hreppsnefnd Hveragerðishrepps kjósa sinn manninn hvor í nefndina og Ungmennafélag Ölfusinga einn. Sömu aðilar kjósa þrjá varamenn. Skólustjóri garðyrkjuskólans að Reykjum í Hveragerði á sæti í nefndinni, en menntamálaráðuneytið skipar fimmta nefndarmanninn og varamann hans. Starfstímabil sundlaugarnefndar skal vera hið sama og kjörtímabil hreppsnefndanna.

Nefndin skiptir sjálf með sér störfum.

4. gr.

Sundlaugarnefnd ber ábyrgð á rekstri laugarinnar gagnvart eigendum.